

Eystrahorn

Gledilegt sumar!

15. tbl. 39. árgangur

Miðvikudagurinn 21. apríl 2021

www.eystrahorn.is

Fíflast og gellast í vernduðu umhverfi



Flottur hópur sem tók þátt í dansnámskeiðinu


Dansdrottningin Margrét Erla Maack var með danstíma í Sindrabæ um liðna helgi. “Íris Björk Óttarsdóttir, zumbafrumkvöðull hafði samband við mig á Facebook og hjálpaði mér að koma þessu af stað. Ég fékk svo styrk frá Sóknaaráætlun Suðurlands.” segir Margrét. Boðið var upp á fimm tíma - Drag og vogue, rassahristur og twerk, magadans, Beyoncé og burlesque. “Þær sem sóttu námskeiðin voru í góðum

tengslum við njaðmirnar á sér. Stemningin var góð - þarna voru alls konar konur sem gáfu sér tíma fyrir sjálfar sig, til að fíflast og gellast í vernduðu umhverfi. Það er áhætta fólgin í að bjóða upp á svona danshelgi fjarri mínum heimahögum - sérstaklega núna þegar covidíð gat sett strik í reikninginn á hvaða tímamarki sem er. Ég er þakklát fyrir frábærar undirtektir. Breiður aldurshópur sótti tímana.

Eldri konur sitja svo vel í sér - oft minni komplexar og meiri léttleiki, sem smitar út frá sér góðum fíling svo ég gat gert meira og öðruvísi en yfirleitt í svona tímum, svo bæði ég og nemendur fengum mikið út úr helginni. Covid-innilokunin hefur farið illa með skapið í mér og þessi útrás var kærkomin.”

Margrét kenndi einnig danstíma í framhaldsskólanum. “Við fórum í svona sambland af alls konar, lærðum hristur, dönsuðum við Lizzo og enduðum tímanna á Bollywood. Ótrúlega skemmtilegur hópur.” Það var einnig á plani að kenna í félagsmiðstöðinni Þrykkjunni, en vegna reglna um utanaðkomandi kennara á covid-tímum var ekki hægt að verða við því. “Já, algjört svekk. EN! Það þýðir að ég einfaldlega þarf að koma aftur.”

Margrét stefnir á að koma



Margrét Erla Maack

aftur í sumar með danstíma og vera þá yfir lengri tíma. “Algjörlega - og bjóða upp á enn fleiri tíma, til dæmis Tinu Turner og Boyoncé - Beyoncé fyrir karlmenn. Svo skemmir ekki fyrir að fá að gista hjá Jóhanni Morávek og Kristínu Gestis, einum skemmtilegustu hjónum landsins.”



Nemendur FAS í danstíma hjá Margréti

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar

Konnýjar Sigurlínu Hallgrímsdóttur

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skjólgarðs fyrir frábæra umönnun.

Aðstandendur



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

Kæru félagar, **gleðilegt sumar.**

Lítið hægt að gera ennþá en sýnum þolinmæði. Þar sem hlutirnir gerast hratt núna eruð þið beðin um að fylgjast með á fésbókarsíðu F.e.H. Verum bjartsýn.



Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi til leigu sem fyrst. Skilvísun greiðslum heitið.

Hafsteinn Ísaksen

Farsími: 760-3720

hafsteinn.isaksen@gmail.com

Körfuknattleiksdeild Sindra
Kynnir

Sumarsnúðar Fyrirliðans

Sumarið er handan við hornið og við í körfunni sjáum bara eina leið til að fagna því! Nýbakaðir fyrirliðasnúðar með hvítum glassúr! Við ætlum samt ekki að njóta þessa hnossgætis ein heldur munum við skutla þeim heim að dyrum á Höfn mánudaginn 26 apríl eða fólk getur sótt á Ups milli 10:00 og 13:00.

6 snúðar í öskju 2500 kr.

Pantanir á facebook, tölvupost á karfa@umfsindri.is eða hjá fyrirliðanum og bakarastubbum Björgvini Erlends í síma 857-8813.

SINDRI
KÖRFUBOLTI

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR



Deiliskipulag - Stekkaklettur

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir tillögu að deiliskipulagi fyrir Stekkaklett samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með gerð deiliskipulagsins er að framfylgja markmiðum aðalskipulags um eflingu byggðar, styrkja og auka fjölbreytileika atvinnu og menningarlífs í sveitarfélaginu. Gera listsköpun sýnilega, styrkja og efla menningu, sköpun og tjáskipti og hlúa að menningararfi samfélagsins. Búa starfsemi á staðnum fastan ramma í samræmi við áætlanir og markmið sem fram koma í tillögu um nýtingu á Stekkakletti. Lagði til að bæjarstjórn samþykki deiliskipulagstillöguna og vísi henni í lögformlegt ferli skv. skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga. Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og því er fallið frá kröfu um lýsingu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með **20. apríl nk. til 1. maí 2021.**

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til **1. maí 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is.

Brynja Dögg Ingólfsdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Nám í hestamennsku



Nýlega gerði Framhaldsskólinn FAS og Hestamannafélagið Hornfirðingur með sér samstarfssamning. Framhaldsskólinn FAS á Höfn býður uppá nám í hestamennsku sem hefst í haust með einum bóklegum áfanga. Á vorönn (eftir áramót) 2022 verða síðan kenndir þrír áfangar, einn bóklegur og tveir verklegir. Verklegra kennslan verður að mestu í reiðhöllinni við Stekkhól. Námið í hestamennsku er alls 20 einingar. Hér er um tímamótasamning að ræða því þetta er í fyrsta skipti sem FAS býður upp á formlegt framhaldsskólánám í hestamennsku. Námið getur nýst eitt og sér eða sem hluti af námi á framhaldsskólabraut og einnig sem hluti af námi til stúdentsprófs.

Þeir sem hyggja á nám í hestamennsku þurfa að taka alla fjóra áfangana. Þá þurfa nemendur að útvega sér hest og reiðtygi fyrir verklega námið.

Bóklegir áfangar verða skipulagðir sem fjarnám en verklegt nám verður kennt í lotum. Í haust í bóklegaþætti námsins verður farið í sögu og uppruna íslenska hestsins, fóðurfræði, heilsufræði, reiðtygi og gangtegundir á 1.þrepi framhaldsskóla.

Skráningargjald fyrir hvora önn er 6000 kr. Innifalið kennsla og aðgangur að reiðhöllinni við Stekkhól.

Þetta er nám fyrir fólk 16 ára og eldri. Hvetjum hestamenn til að koma í endurmenntun, skráning í námið er á fas.is.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Forstöðumaður Stuðnings- og virkniþjónustu

Velferðarsvið Hornafjarðar leitar eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns yfir Stuðnings- og virkniþjónustu. Forstöðumaður hefur yfirumsjón með stjórnun og rekstri félagslegrar heimaþjónustu, virkni og starfsendurhæfingu. Undanfarin ár hefur mikil þróunarvinna átt sér stað innan félagslegrar heimaþjónustu með samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar ásamt velferðartækni. Framundan eru spennandi verkefni við þróun og innleiðingu starfsendurhæfingar- og virkniúræða. Um fullt starf til framtíðar er að ræða og er þarf viðkomandi að geta hafð störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri.
- Ábyrgð á uppbyggingu heildstæðrar þjónustu með áherslu á þverfaglega teymisvinnu.
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum.
- Ábyrgð á stjórn og eftirliti með faglegu starfi.
- Stýrir matsnefnd vegna umsókna um félagslega heimaþjónustu.
- Regluleg áætlana- og skýrslugerð.
- Kemur að stefnumótun í málefnum fólks með fötlun og aldraðra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði félags og/eða heilbrigðisvísinda.
- Meistarapróf sem nýttist í starfi er kostur.
- Góð þekking á málaflokkum velferðarþjónustu.
- Reynsla af stjórnun félagsþjónustu og/eða öldrunarþjónustu.
- Reynsla af mannaforráðum og starfsmannastjórnun.
- Reynsla og þekking á endurhæfingu og mikilvægi valdeflingar.
- Framúrskarandi samskiptaferni og leiðtogahæfni.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, samvisskusemi og frumkvæði í starfi.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög er varða málaflokka starfseminnar.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar á netfangið erlab@hornafjordur.is. Nánari upplýsingar veitir Erla Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri velferðarsviðs í síma 470-8000, netfang: erlab@hornafjordur.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Umsóknarfrestur framlengdur til og með 25.04.2021

STÓRI PLOKKDAGURINN

Á DEGI UMVERFISINS LAUGARDAGINN 24. APRÍL

Við hvetjum íbúa til að tína rusl á stóra plokkeginum!

Við virðum sóttvarnarsreglur og munum ekki koma saman heldur dreifa okkur í tíma og rúmi. Inn á Facebook-hópi okkar má finna kort af Höfn og Nesjahverfi þar sem hægt verður að velja sér svæði. Það er hugsað til að dreifa mannskap og hámarka afköst. Gott að vera í fjölnota hönskum og tína í fjölnota poka.



Óendurvinnanlegu rusli má skila í gám við áhaldahús.

Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Grenndarkynning

Grenndarkynning vegna breytinga á Hrísbraut 3 skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Óskað hefur verið eftir heimild til að byggja við Hrísbraut 3. Um er að ræða sólstofu vestan megin við núverandi hús. Einnig er sótt um leyfi til að saga niður úr gluggaopi á vesturgafli hússins og setja nýja hurð. Þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag af svæðinu er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar framkvæmdir og skal athugasemdum komið til skila á netfangið skipulag@hornafjordur.is eigi síðar en **20. maí 2021**.

Nánari upplýsingar og teikningar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir stjórnarsýsla og skipulag í kynningu.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Búnaðarsambands
A-Skaft verður haldinn
mánudaginn 31. maí kl. 13:00
í Holti á Mýrum.

Almenn aðalfundarstörf en nánari
dagskrá auglýst síðar

Stjórn
Búnaðarsambands A-Skaft.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Móttökuritari óskast til sumarafleysinga á HSU Höfn í Hornafirði

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- Móttaka, afgreiðsla og samskipti við skjólstæðinga.
- Símsvörðun, ýmiss konar umsýsla og skráning gagna auk samskipta við aðrar deildir HSU.

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg.
- Starfið krefst hæfni og lipurðar í samskiptum, trúmennsku og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Viðkomandi þarf að hafa góð tök á vinnu við tölvur.
- Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku máli og þarf að geta átt góð tjáskipti á ensku.

Frekari upplýsingar um starfið

Laust er til umsóknar starf móttökuritara í 5 vikur í sumar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Hornafirði. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu alla virka daga. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi hafa gert.

Umsókn skal skilað rafrænt á vef HSU
- www.hsu.is - undir flípanum laus störf

Umsókn þurfa að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi, fyrri störf.

Umsóknarfrestur er til og með **29.04.2021**

Nánari upplýsingar veitir:
Ester Þorvaldsdóttir, hjúkrunarstjóri
ester.thorvaldsdottir@hsu.is Sími 432-2900

Nemendur FAS kynna sér Cittaslow

Einn þeirra áfanga sem er kenndur í FAS þessa önn heitir Erlend samskipti og í honum eru núna 10 nemendur. Þessi áfangi er hluti af þriggja ára samskiptaverkefni undir merkjum Nordplus. Í verkefninu eru skólar í Finnlandi, Noregi og Íslandi að vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Áherslan þessa önn er á heimsmarkmið 12 sem fjallar um ábyrga neyslu og framleiðslu. Fyrr á önninni hafa nemendur m.a. kynnt sér hvað einstaklingar og fyrirtæki eru að gera til að aðlaga sem best sína starfsemi að ábyrgri neyslu og framleiðslu.

Mánudaginn 12. apríl fór hópurinn í FAS í heimsókn á Djúpavog til að kynna sér Cittaslow en Djúpvogur hefur verið aðili að verkefninu frá 2013. Markmið Cittaslow-hreyfingarinnar sem einnig er kallað hæglatishreyfing er að auka lífsgæði og ánægju fólks með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaáráttu í borgum og bæjum nútímans viðnám og heiðra þess í stað sérstöðu, vitund og sjálfbærni. Og þetta markmið fellur mjög vel að heimsmarkmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu. Gréta Mjöll Samúelsdóttir atvinnu- og



menningarmálafulltrúi á Djúpavogi tók á móti hópnum, sagði frá tilurð og starfsemi Cittaslow og hvernig Cittaslow tengist inn í daglegt líf á Djúpavogi. Eftir að hafa fengið fræðslu var gengið um bæinn og áhugaverðir staðir skoðaðir. Áður en lagt var af stað heim var snæddur hádegisverður á Djúpavogi. Ferðin gekk í alla staði vel og kom hópurinn reynslunni ríkari heim.

Samkvæmt umsókninni hefðu nemendur

í áfanganum átt að vera í Noregi þessa vikuna en eins og allir vita eru ferðalög ekki vænlegur kostur um þessar mundir. Nemendur í verkefninu hafa því nýtt sér tæknina til að vinna saman og eru að vinna saman í smærri hópum að því að búa til veggspjald sem tengist heimsmarkmiði 12. Næsta haust er svo áætlað að hittast í Finnlandi og við vonum svo sannarlega að það gangi eftir.

DÓSASÖFNUN KÖRFUNNAR LAUGARDAGINN 24.4.2021



Hvetjum Hornfirðinga til að setja páskadósirnar sem hafa safnast upp inn í geymslu út á gangstétt klukkan 10:00 eða 13:00 á laugardaginn en þá munum við í Körfuknattleiksdeildinni rúnta um Höfn og safna dósum.

SINDRI
KÖRFUBOLTI



Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu. Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Hankook
PERFORMANCE TIRES

GOODYEAR

Bjóðum upp á allar stærðir dekkja:
Fólksbíladekk — Traktorsdekk
Vörubíladekk — Jeppadekk — Hjólbörudekk



VERSLUM Í HEIMABYGGÐ


Vatnajökull Travel

Vatnajökull Travel • Bugðuleira 2 • 780 Höfn
Sími: **839-1616 / 894-1616**